

642. fundur haldinn miðvikudaginn 28. nóvember 2002 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hrönn Greipsdóttir, fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Þórunn Gestsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. Sveitarfélaga
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð 641. fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt

2. Könnun Ferðamálaráðs.

Dreift var nokkrum niðurstöðum úr könnun Ferðamálaráðs meðal erlendra ferðamanna frá síðasta 12 mánaða tímabili. Ákveðið var að kynna niðurstöðurnar á blaðamannafundi og þær yrðu einnig hluti af kynningu á starfsemi ráðsins á fyrirhugðum fundum á landsbyggðinni á næsta ári

3. Bréf Reykjanesbæjar

Í bréfi Reykjanesbæjar er óskað eftir stuðningi Ferðamálaráðs við að koma upp landshlutaupplýsingamiðstöð í bænum.

Afgreiðsla: Erindinu frestað til umræðu um notkun fjár til upplýsingamiðstöðva.

4. Hlutfélag um sameiginlegan rekstur upplýsingamiðlunar í Kaupmannahöfn.

Unnið hefur verið að undirbúningi að opnun upplýsingamiðlunar í Kaupmannahöfn síðla árs 2003. Gert er ráð fyrir að Ísland, Grænland og Færeyjar standi sameiginlega að umræddum rekstri. Hagkvæmast virðist vera að stofna um slíkan rekstur hlutfélag ferðamálaráða landanna þriggja.

Afgreiðsla: Samþykkt að halda málinu áfram í þeim farvegi að vinna að stofnun hlutfélags.

5. Önnur mál.

a) Formaður sagði frá því að í samræmi við samþykkt á síðasta fundi hefði verið haldinn fundur með fulltrúum Byggðastofnunar, SAF, samgönguráðuneytis og Ferðamálaráðs þar sem farið var yfir fjárhagsstöðu gististaða á landsbyggðinni. Á þeim fundi hefði því verið beint til samgönguráðuneytis að mynda vinnuhóp til frekari skoðunar á málinu.

b) Varaformaður kynnti fyrir ráðinu þær breytingar sem orðnar eru á frumvarpi til fjárlaga í meðförum þingsins hvað varðar ferðamál.

c) Varaformaður sagði frá skýrslu sem unnin hefði verið um íslenska eldhúsið og lagði til að höfundur hennar yrði fenginn á fund ráðsins til að kynna hana.

d) Varaformaður taldi óheppilegt að starfsmaður FMR hefði verið kosningastjóri samgönguráðherra í prófkjöri sjálfstæðisflokksins í haust.

e) Hrönn Greipsdóttir gerði að umtalsefni bréf sem SAF hefur ritað formanni ráðsins varðandi ummæli hans í útvarpi fyrir stuttu. Formaður sagðist myndu svara umræddu bréfi skriflega. Nokkrar umræður urðu um innihald bréfsins og tilefni þess.

f) Hrönn Greipsdóttir óskaði eftir því að teknar yrðu upp viðræður við SAF um fyrirkomulag sýninga.

g) Ferðamálastjóri kynnti nýútkomna Íslandsbæklinga ráðsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 13:00